

Hver er mín skoðun á öryggismálum sjómanna?

Staðkunnur einstaklingur segir frá skoðunum sínum á öryggismálum sjómanna.

Erindi flutt á málfundi um öryggismál sjómanna í Grindavík 31. mars 2003.

Góðir fundargestir.

Ferill.

Sigurður Jónsson heiti ég og er stýrimaður og skipstjóri á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK 255. Ég er búinn að vera í rúm 20 ár á sjó, og má segja eingöngu á togurum. Ég byrjaði sem háseti á Tálknfirðingi BA 325 frá Tálknafirði, en var einnig á dragnót þar. Útskrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum á Ísafirði 1986 og fór síðan í Stýrimannaskólann í Reykjavík og kláraði þar 2. stigið (fiskimanninn). Réð mig á Hrafn Sveinbjarnarson þegar Þorbjörn hf. í Grindavík keypti hann frá Hrísey og byrjaði sem bátsmaður og 2. stýrimaður en varð afleysingar stýrimaður strax fyrsta árið og síðustu 10. árin hef ég leyst af sem skipstjóri.

Öryggismál.

Það varð algjör bylting í öryggismálum sjómanna þegar Slysavarnaskóli sjómanna tók til starfa um borð í Sæbjörgu. Upp frá því fylgdi líka algjör hugarfarsbreyting hjá sjómönnum almennt gagnvart slysavarnamálum. Umræðan opnaðist og menn fóru að tala um hlutina, hvað mætti laga og betur fara. Björgunarbúnaður sem var um borð í skipunum var tekinn til rækilegrar endurskoðunar og kom þá ýmislegt í ljós.

Hlutir sem menn héldu að ættu að vera í lagi, voru kannski handónýtir eða jafnvel stórhættulegir og voru þeir búnir að vera svoleiðis í mörg ár. Nýr búnaður bættist við og þegar umræðan varð opnari komu fram hugmyndir hjá sjómönnum um hvað betur mætti fara. Þar gegndi Slysavarnaskóli sjómanna algjöru lykilhlutverki. Í skólanum voru og hafa alltaf verið menn sem eru ekkert að fara í kringum hlutina. Þeir koma alltaf beint að kjarna málsins og tala tungumál sem sjómenn skilja og sjómenn taka til sín þá hluti sem um er rætt og ég held að hver þenkjandi sjómaður taki sig í góða naflaskoðun á svona námskeiði. Menn fara á námskeið í Slysavarnaskólanum og koma þaðan með þarfar ábendingar um borð í skipin um hvað betur megi fara. Þessu hef ég tekið vel eftir um borð í mínu skipi.

Á mínu skipi.

Það var tekið upp Haccp í vinnslunni hjá okkur fyrir um 7 til 8 árum, þetta er áhættugreining á vinnslunni þ.e.a.s. á vinnsluferlinu og afurðunum. Það tók um 2 ár að koma Haccp kerfinu á. Ekki er hægt að koma með eitthvað kerfi um borð og fara að nota það strax. Það verður að aðlaga það að þínu skipi og þú verður að skilja það. Þá vinnur það fyrir þig og það gengur síðan svo að segja sjálfkrafa. Með Haccp kerfinu vorum við komnir með tæki sem hélt utan um alla áhættuna sem viðkemur vinnslunni og vinnsluferlinu og einnig þar af leiðandi viðhaldinu á vinnsludekkinu. Eftirlitsmaður frá skoðunarstofu, þ.e.a.s. 3. aðili, kemur á 3ja mánaða fresti. Hann fer yfir kerfið og kemur með athugasemdir ef með þarf.

Það kom upp hugmynd fyrir um 5 til 6 árum um að nota þetta sama kerfi fyrir eftirlit með öllum öryggisþáttum, öryggisbúnaði, björgunarbúnaði og athöfnum um borð. Það var Gunnar Tómasson sem kom með þessa hugmynd og var Ingimundur Valgeirsson fenginn til að vinna með okkur í þessu. Hann kom með okkur í nokkra daga út á sjó og skráði niður, síðan kom hann með kerfi sem hefur verið í þróun. Það er búið að einfalda þetta mikið frá byrjun. Það sem hefur verið að hrjá okkur um borð gagnvart þessu verkefni er tímaskortur. Það er það mikið að gera um borð að tími aflögu til að vinna við þróunina á þessu hefur vantað.

Staðan hjá okkur um borð núna er sú að þegar nýliði kemur um borð fær hann Nýliðafræðslupésa með upplýsingum um björgunar- og eldvarnarbúnað skipsins og öryggis- og vinnureglum skipsins. Nýliði les pésann yfir og svo fer vaktformaður með honum um skipið. Hver áhafnar meðlimur fær afhent sérstakt starfsblað fyrir Neyðaráætlun þar sem er nákvæmlega útlistað hvað hann skal gera þegar eitthvað gerist svo sem eldur um borð eða skipið yfirgefið. Bæði þrif á vinnsludekki og íbúðum eru svæðaskipt þannig að hver maður sér um að halda sínu svæði hreinu í hverri veiðiferð. Það er staðreynd að menn vilja hafa röð og reglu á hlutunum, ekkert næstum því, heldur nákvæmlega svona, þá líður mönnum best. Það má segja að það sé samfelld vinna hjá mönnum á frystitogurum, þá verður að vera regla á hlutunum, tíminn er peningar.

Mín skoðun og áherslur í framtíðinni.

Mín reynsla er að heildar öryggiskerfið virkar mjög vel, þá á ég við ef maður er með veikan eða slasaðan mann um borð og þarf að fá aðstoð í landi. Við eigum nóg af öryggis- og björgunarbúnaði en við verðum að virkja betur neyðaráætlunirnar um borð í skipunum, það er algjört lykilatriði. Með virkum æfingum koma í ljós gallarnir á áætluninni og öllum björgunarbúnaði um borð. Við verðum að skrá niður bæði slysin sem gerast og ekki síður næstum því slysin og læra af þeim. Haccp kerfið getur hjálpað okkur mikið við þetta og þegar 3ji aðili er fenginn til að fylgjast með þessu.

Mér finnst vera spurning um að setja þurfi þá reglu um að hvert skip/áhöfn fari saman í Slysavarnaskóla sjómanna t.d. á 5 ára fresti. Ég hef reynslu af þessu á Tálknfirðingi BA þar sem áhöfnin fór öll saman og um leið tók hún sig og skipið í rækilega naflaskoðun. Slysavarnaskóli sjómanna gegnir algjöru lykilhlutverki í þróun öryggismála fyrir sjómenn. Við getum leitað til þeirra þegar við erum að þróa okkur áfram í öryggismálum um borð í skipunum sem við erum á. Þeir vita nákvæmlega hvað við erum að tala um og segja sína skoðun á hlutunum þannig að við skiljum þá.

Að lokum vil ég segja þetta. Það má alls ekki leggja Sæbjörgina af og fara með kennsluna eitthvað upp í bæ, ef svo mætti segja, það yrði stórslys og mörg skref aftur á bak að mínu mati. Það er miklu betra að kenna um borð í skipi heldur en einhverju húsi, t.d. verklegar æfingar. Þú kemst miklu nær raunverulegum aðstæðum um borð í skipunum með því móti og menn geta yfirfært æfingarnar um borð í skipin sín.

Sigurður Jónsson.